

Mánudaginn 9. febrúar 1998.

Nr. 64/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(enginn)

gegn

Halldóri Einarssyni

(Sigurður Guðmundsson hdl.)

Kærumál, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arn-
ljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar
1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar.
Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. febrúar 1998, þar
sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðviku-
dagsins 18. sama mánaðar kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr.
laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess
aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara,
að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig
kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna úrskurðar héraðsdóms verður hann stað-
festur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. febrúar 1998.

Ár 1998, miðvikudag 4. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur,
sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dóm-
arafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr.
laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Halldóri Ein-
arssyni, kt. 210460-3579, dvalarstaður Blönduhlíð 2, Reykjavík, verði gert
að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. febrúar nk. kl. 16 vegna
grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík vinnur nú að rannsókn þjófnaðar á hraðbanka, sem stolið var úr forstofu húsnæðis Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð hér í borg aðfaranótt laugardags 31. janúar sl. Samkvæmt upplýsingum eiganda hraðbankans, Búnaðarbanka Íslands hf., er talið, að í hraðbankanum hafi verið tæpar 3,4 milljónir króna í reiðufé. Hraðbankinn ásamt þeim peningum, sem í honum voru, fannst að kvöldi sama dags.

Peir, sem voru þarna að verki, höfðu notað debetkort til að opna dyralæsinguna að forstofu kennaraháskólans. Skráir dyralæsingarbúnaðurinn, sem um ræðir, númer þess bankakorts, sem notað er til að opna með dyr forstofunnar. Miðað við þá skráningu hefur kortið verið notað þrívægis umrædda nótt, þ. e. kl. 3.01, 3.55 og 4.03. Sendir búnaður hraðbankans boð til tölvudeildar Búnaðarbankans á 15 mínútna fresti, og höfðu síðustu boð borist kl. 03.50.

Íbúi í nágrenni við vettvang, sem vaknaði um kl. 4.30 þessa nótt, hefur borið, að hann hafi séð mjög ljósan sendibíl framan við anddyri skólans nálægt húshliðinni og þrír menn verið að setja eitthvað inn um hliðardyr bifreiðarinnar. Einn manna hafi farið inn í gráa fólksbifreið og ekið brott. Hinir tveir hafi farið inn í sendibifreiðina, en aftan á henni hafi verið áletrunin Ármúli 21.

Við eftirgrennslan lögreglu kom í ljós, að forsvarsmenn Vatnsvirkjans ehf., Ármúla 17, Reykjavík, seldu í nóvember sl. Rafsýn ehf., Kópavogi, sendibifreið, er svaraði til lýsingar vitna á bifreiðinni, sem var á brotavettvangi. Starfsmaður Rafsýnar ehf. hefur borið að hafa 20. janúar sl. selt bifreiðina Sigurjóni Péturssyni, kt. 110464-4289, og að salan hafi farið fram að Blönduhlíð 2 í Reykjavík. Auk þeirra Sigurjóns hafi kærði, Halldór, verið á staðnum. Sami starfsmaður kvaðst fyrir skömmu hafa selt Sigurjóni gráa fólksbifreið af gerðinni Chrysler LeBaron, árgerð 1981, með skráningarnúmerið GE-995. Lögregla hefur þrívægis haft afskipti af ökumanni þessarar bifreiðar eftir 10. janúar sl., og í tvö skiptin var ökumaður kærði, en farþegi Sigurjón Pétursson.

Framangreind sendibifreið, sem ber skráningarnúmerin KT-020, fannst laust fyrir kl. 23 sl. laugardag, þar sem henni hafði verið lagt á bifreiðastæði við Eskihlíð 20, en svo til bein sjónlína er frá þeim stað, sem bifreiðin fannst á, að heimili Sigurjóns og kærða í Blönduhlíð 2. Við leit í bifreiðinni fann lögregla hraðbankann, sem stolið hafði verið í kennaraháskólanum, og einnig GSM-síma með númerinu 899-2918, en skráður rétthafi þess er kærði, Halldór.

Kærði, sem var handtekinn í gærkvöld ásamt Sigurjóni, hefur við yfir-

heyrslur staðfastlega neitað aðild sinni að framangreindum þjófnaði og jafnframt gert grein fyrir ferðum sínum umrædda nótt. Þar kemur fram, að hann hafi verið í slagtogi með Sigurjóni, og m. a. hafi þeir farið í hús eitt við Meistaravelli og hitt þar fólk. Þá hefur kærði ekki getað gefið skýringu á tilvist GSM-símans í sendibifreiðinni, en kveðst vera réttthafi símanúmersins frá miðjum janúar sl.

Rannsóknargögn málsins bera með sér, að rannsókn þess er enn á frumstigi, en þau benda til, að rökstuddur grunur sé um aðild kærða að málinu. Reynist sá grunur réttur, kann kærði að hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Halldór Einarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. febrúar nk. kl. 16.
